

Umhverfis- og tæknisvið uppsveita
Dalbraut 12
840 Laugarvatni

Efni: Tillaga að deiliskipulagi fyrir Hvammsvirkjun – Athugasemdir

Athugasemdir frá:

Kristínu Ásu Guðmundsdóttur, kt. 100561-3609

Naustabryggju 7

110 Reykjavík

Reykjavík, 17. feb. 2021.

1. Ég á uppruna minn í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Ég mótmæli Hvammsvirkjun, í ljósi þeirra alvarlegu sjónrænu áhrifa sem myndi gæta af völdum hennar í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Landið vestan árinna liggur hærra en landið austan hennar, og hið óviðjafnanlega útsýni frá bakkanum vestan megin myndi gersamlega eyðileggjast, í ljósi alls raskins sem yrði austan árinna. Svonefnt „Efnislosunarsvæði“, öðru nafni haugsvæði, á uppdrættinum er til dæmis fyrirhugað á allra versta stað sem hugsast getur með tilliti til útsýnisins frá alfaraleið vestan árinna. Þá eru ótaldar skemmdir af völdum vegalagninga þvers og kruss sem einatt fylgja virkjanaframkvæmdum og nýttast virkjunaraðilanum nær eingöngu.
2. Ég geri athugasemd við það að engar myndir af fyrirhugaðri virkjun eru birtar í skipulagstillögunni séð frá vesturbakka Þjórsár, engar myndir sýndar frá vegi 32 nema af stíflunni, þannig að allt annað hverfur bak við hana, þ.e. allt raskið og haugsvæðið. Engar myndir eru frá vegi 325, Gnúpverjavegi, séðar frá Víðihlið eða þar um bil, þar sem allt fyrirhugaða virkjunarsvæðið myndi blasa við – séð frá vestri, og yfir það. Þetta finnst mér ekki vera nógu heiðarleg vinnubrögð, vegna þess að þetta sýnir alls ekki nógu vel alla þá útlitsbreytingu umhverfisins við Þjórsá sem yrði um að ræða í **raun og veru**.
3. Þjórsá er öflugt straumvatn sem fólk sem fer áleiðis í Þjórsárdal hrífst af, um leið og það kemur að flúðum hennar og klöppum á móts við þverá. Þarna er gróður í mestum blóma í júlí, hvönn og eyrarrós eru áberandi í forgrunni, en flúðir og gráar klappir í bakgrunni og Hagaey, grasi gróin með hríslum, umlukin kröftum árinna og þungum nið. Ef af Hvammsvirkjun yrði, myndi það skaða mjög upplifunarþátt ferðafólks sem og heimafélks á svæðinu, ef hún breyttist úr straumvatni í grátt, þögult lón, sambærilegt Blöndulóni, gutlandi við bakka, þar sem ekkert af þessu sæist lengur, óafturkræft.
4. Ekki síst vegna hinna neikvæðu, sjónrænu og upplifanatengdu áhrifa sem Hvammsvirkjun myndi valda, þá yrði stefnt í voða atvinnustarfsemi af ferðamennsku á svæðinu. Hægt væri að nefna ýmis dæmi um ferðaþjónustufyrirtæki í sveitunum við Þjórsá sem hafa búið við óöryggi í mörg ár sökum fyrirhugaðra virkjanaframkvæmda, ekki þorað að stækka starfsemi sína eða þróa frekar. Vaxtarbroddurinn verður aftur í ferðamennsku þegar Covid hefur verið lagt að velli. Hún skapar heimafélki margskonar störf til framtíðar á sjálfbæran hátt, en Hvammsvirkjun ekki.
5. Það verður ekki séð að í Skeiða- og Gnúpverjahreppi sé verjandi að setja Hvammsvirkjun á deiliskipulag, í ljósi þess að ávinningurinn fyrir sveitarfélagið yrði lélegur til framtíðar – miðað við fórnirnar sem þyrfti að færa. Það yrði engin atvinna fyrir heimafélk á svæðinu við virkjunina til framtíðar. Henni yrði fjarstýrt af suðvesturhorninu, þetta er öllum kunnugt. Ekkert liggur fyrir um að nota eigi orkuna frá virkjuninni „heimavið“, fyrirtækjum á nærliggjandi svæðum hefur ekkert verið boðið í því efni. Þannig hvorki viðhaldi Hvammsvirkjun atvinnutækifærum, né skapaði ný, með orkunýtingu byggðri á orkunni við bæjardyrnar, nokkurn tíma að séð verður að óbreyttu.

6. Áhrifin á lífríki Þjórsár yrðu alvarleg. Þar ber helst að nefna laxinn. Mótvægisaðgerðir í þágu hans eru ekki nægilega rannsakaðar, né liggja fyrir niðurstöður og staðfestingar á að þær virki. Þannig yrði um tilraunamennsku að ræða, sem lítil upphæfð væri að. Villti laxastofninn í Þjórsá er einstakur á heimsvísu, og skapar auk þess umtalsverðar tekjur. Þarna eru alvöru hagsmunir í húfi, bæði umhverfislegir og fjárhagslegir. Að sveitarfélag setji svona stórfellt og skaðlegt inngríp í náttúruna á skipulag er ekki verjandi í ljósi þess að ávinningurinn er jafn lítill fyrir heimasvæðið til framtíðar. Plön Landsvirkjunar um „mótvægisaðgerðir“ í þessu sambandi eru byggð á hæpnum forsendum og ónógum rannsóknum. Hefur Veiðifélag Þjórsár gagnrýnt þetta lið fyrir lið í ferli fyrirhugaðrar Hvammsvirkjunar innan stjórnsýslunnar áður, og gerir enn.
7. Umhverfi Þjórsár myndi spillast af foki úr háltómum árfarvegi á köflum og rofi sem myndast við lónsborð. Áfok á svæði í kring yrði ógerlegt að stöðva, þ.e. úr farvegi sem er mishátt rennsli í. Einnig yrði fok úr haugsæðum. Umrætt fok er ekki sandfok, heldur hárfínn, heilsuspillandi salli sem smýgur í lungu og augu. Nákvæmlega þar sem lónstæði Hvammsvirkjunar yrði er veðravíti, þar er harður vindstrengur úr norðaustri á vetrum sem þrýstir sér milli Skarðsfjalls og Núpsins. Það er auðvelt að sjá hversu máttlaust káf „mótvægisaðgerðir“ yrðu á þessu svæði, þar sem kraftar íslenskra veðra og vinda njóta sín jafn vel eins og þarna. Auk þess er viðbúið að ýmsar mótvægisaðgerðir, ef yrðu, myndu heimta frekari umbyltingu á umhverfi í nágrenni lónsins. **Í heildina talið, þá flýtur málflutningur Landsvirkjunar einum of á „mótvægisaðgerðum“ sem eru hæpnar og auðvelt að sjá fyrir sér að standist ekki þegar á hólminn er komið.**
8. Það er borðleggjandi, að för fólks meðfram Þjórsá, hvort heldur væri gangandi eða ríðandi, myndi verða hindruð yrði af Hvammsvirkjun. Virkjanasvæði eru jafnan ekki opin almenningi, heldur lokuð með girðingum og lokunarskiltum. Slíkt lokunarskilti varnaði fólki að komast í Búrfellsskóg áratugum saman, en hann var töluvert vinsælt útivistarsvæði Gnúpverja á árum áður, áður en virkjað var við Búrfell.
9. Það er óverjandi, sérstaklega í ljósi umhverfislegrar hlýnunar að sökkva grónu landi. Rotnun þess ofan í vatni myndar súrnun. Endurheimt votlendis annarsstaðar bætir þennan skaða ekki, sokkið land er bara sokkið og verður aldrei endurheimt. Það er líka illa verjandi að sökkva grónu landi í ljósi þess að ræktun matvæla verður mikilvægari með hverju árinu sem líður. Við Íslendingar getum ekki skorast undan hnattrænum viðfangsefnum, verið stikkfrí frá hlýnun jarðar og bráðnun jökla, með háttalagi okkar.
10. Ég geri alvarlega athugasemd við Hvammsvirkjun í ljósi þess hvernig vinna við að meta áhrif landslags við Þjórsá fór fram upphaflega í Rammaáætlun. Þar var ekki fagleg vinna unnin, og áhrif virkjana á samfélag upphaflega sniðgengin. Við matið var stuðst við ljósmyndir frá hlutaðeigandi aðila og ekki óhlutdrægum, n.t.t. frá Landsvirkjun. Spjallað var í samræðuhópi þar sem hver álitsgjafi gat haft áhrif á annan. Þetta er ekki faglegt, heldur fúsk, og undarlegt að fræðafólk hafi lagt nafn sitt við þetta. Myndirnar sem stuðst var við, veit enginn hvar eru niðurkomnar núna, og þær (málsskjölin) sem lágu til grundvallar lágri einkunn Þjórsár eru tvístraðar og glataðar. Þetta þýðir að upplýsingaskylda og lög um skjalavörslu voru brotin gagnvart bæði hagsmunaaðilum á svæðinu og fólki almennt.
11. Að síðustu lýsi ég skipulagstillöguna vonda í heild sinni, því ef af Hvammsvirkjun yrði, þá yrði fargað óafturkræft náttúrufyrirbrigðum og tækifærum komandi kynslóða. Gengið á forða framtíðarinnar á „hrunverskan“ máta. Eiginhagsmunir og stundargróði okkar kynslóðar yrðu ofaná á kostnað þeirra sem hafa ekki aldur til að tjá sig, og ógnvænlegum veruleika þeirra síðar meir. Ég krefst þess að afkomendur mínir megi njóta Þjórsár þar sem hún rennur frjáls í óröskuðu umhverfi, og hafi tækifæri til að ráðstafa málum viturlegar en við höfum gert. Okkur liggur ekkert á Hvammsvirkjun inn á skipulag að svo stöddu.